

Mál nr. 395/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Skaðsemisábyrgðartrygging.

Nafn váttryggingartaka: A

Skaðabótaábyrgð. Orsakatengsl.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 23. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. desember 2022, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 11. febrúar 2020 verið að fara niður loftstiga sem brotnaði með þeim afleiðingum að M féll niður á gólf og féll illa. M hafi í kjölfarið verið metin til 12% læknisfræðilegrar örorku samkvæmt matsgerð, dags. 31. janúar 2022. Fram kemur að stiginn var keyptur hjá A og M hafi farið eftir leiðbeiningum við uppsetningu stigans og stýtt stigann um eitt þrep. M skrifaði A tölvupóst vegna slyssins og í kjölfar þess var stiganum skipt út án endurgjalds. Í september 2021 hafi V óskað eftir að fá að skoða stigann en slíkt hafi ekki verið gert þrátt fyrir ítrekanir. M byggir á því að stiginn hafi verið haldinn ágalla í skilningi 5. gr. laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991. M telur ljóst að stiginn hafi brotnað vegna þess að kvistur var í timbrinu þar sem hann brotnaði eins og sést á meðfylgjandi myndum. Það sé alkunna að kvistur í timbri veiki styrkleika þess og þar með burðargetu. M hafnar þeirri skýringu V að farið hafi verið hámarksburðargetu stigans. Samkvæmt upplýsingum á stiganum sjálfum hafi hámarksburðargeta verið 150 kg. en M sé 90 kg. skv. matsgerðinni og því langur vegur upp í hámarksburðargetu. Þá hafnar M því einnig að stiginn hafi verið ranglega settur upp.

Í bréfi V kemur fram að félagið byggi á því að M hafi ekki sýnt fram á að loftastiginn hafi verið haldin ágalla í skilningi 5. gr. laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 og hún beri sönnunarbyrði um það atriði. Samkvæmt upplýsingum M hafi eiginmaður hennar sett upp stigann og virðist ekki hafa stýtt hann í samræmi við leiðbeiningar með þeim afleiðingum að stiginn var ekki nógu uppréttur. Uppsetninginn hafi gert það að verkum að álag á hann var of mikið þegar hann var notaður. A hafnar því að stiginn hafi verið haldinn ágalla. Stiginn sem brotnaði hafi verið skoðaður af söluaðila A og hann taldi að stiginn hafi brotnað þar sem hann hafi verið of langur fyrir staðsetninguna. Hann ráðlagði að nýr stigi yrði stytur um tvö þrep. Ekki liggi neitt fyrir sem sýni að stiginn hafi verið haldinn ágalla t.d. matsgerð dómkvaddis matsmanns. V hafnar því að snúa eigi sönnunarbyrði við í málinu eða slakað á sönnunarkröfum.

Álit.

Ágreiningur málsaðila snýr að því hvort loftastiginn í málinu sé haldinn ágalla í skilningi 5. gr. laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991. Í ákvæðinu kemur fram að vara teljist haldin ágalla þegar hún er ekki svo örugg sem með réttur mátti vænta eftir öllum aðstæðum, einkum því hvernig hún er kynnt, notkun sem með sanngirni má gera ráð fyrir og hvenær vöru er dreift. Það liggur ekki fyrir mat á því hvort stiginn hafi verið haldinn ágalla og hvor málsaðili hefur sínar skýringar á því hvers vegna stiginn brotnaði. M telur stigann hafa brotnað vegna þess að kvistur hafi verið í timbrinu en V telur stigann hafa brotnað vegna þess að hann hafi ekki verið settur rétt saman. Sönnunarbyrði um það að stiginn hafi verið haldinn ágalla hvílir á M. Af framlögðum gögnum verður ekki ráðið vegna hvers loftastiginn brotnaði og verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Það telst því ekki sannað að hann hafi verið haldinn ágalla eins og M heldur fram. Með vísan til þess hefur ekki verið sýnt fram á skaðabótaábyrgð vegna tjónsins og M á því ekki rétt á bótum hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr skaðsemisábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 17. janúar 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir